

Umsagnaraðili: Háskólinn á Bifröst
Dagsetning: 27. nóv. 2011
Númer og heiti þingsmáls: Þingskjal 7 – 7. mál

Almennt

Háskólinn á Bifröst fagnar umræðu um grænt hagkerfi og þakkar tækifærið til að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græns hagkerfis á Íslandi.

Háskólinn á Bifröst vinnur nú að endurskoðun á heildarstefnumörkun fyrir skólann, þar sem hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar verður samþætt inni sem flesta þætti í skólastarfinu. Háskólar hafa lykilhlutverki að gegna í því að ná fram markmiðum sjálfbærrar þróunar, enda mennta þeir leiðtoga framtíðarinnar, hvort sem það eru stjórnendur fyrirtækja, stjórnámálamenn eða aðrir stjórnendur. Menntun ábyrgra stjórnenda og samfélagsleg ábyrgð verður höfð að leiðarljósi í nýrri stefnu skólans og hefur Háskólinn á Bifröst ásamt rúmlega 400 háskólum á heimsvísu skráð sig til þátttöku í svokölluðu PRME-verkefni Sameinuðu þjóðanna.

PRME (Principles for Responsible Management Education) er tæki sem aðstoðar háskóla sem vilja endurskoða námsskrár, kennsluaðferðir og almenn gildi skóla með hliðsjón af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og áherslum á samfélagslega ábyrgð stjórnenda. Háskólinn á Bifröst er fyrstur íslenskra háskóla til að skrá sig til liðs við verkefnið og vinnur nú að innleiðingu markmiðanna.

Breytinga- og viðbótartillögur:

23.

Tryggt verði að hægt verði að sækja á einn stað upplýsingar og ráðgjöf um styrki til grænnar nýsköpunar, jafnt frá íslenskum, norrænum, evrópskum og alþjóðlegum sjóðum. Ábyrgð: Iðnaðarráðuneyti.

Tímasetning: 2012.

Viðbótartillaga:

23a.

Tryggt verði að hægt sé að sækja á einn stað upplýsingar og ráðgjöf fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja breyta áherslum í rekstri sínum í átt til sjálfbærni og samfélagsábyrgðar.

25.

Gerður verði langtímasamningur um stuðning við Grænfánaverkefnið, með það að markmiði að tryggja aðgengi skóla að verkefninu og að sjálfbærnimennt verði eðlilegur hluti af öllu skólastarfi.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneyti / Umhverfissráðuneyti.

Tímasetning: 2012.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Breytingartillaga:

Gerður verði langtímasamningur um stuðning við Grænfánaverkefnið, með það að markmiði að tryggja aðgengi skóla að verkefninu og að sjálfbærnimennt verði eðlilegur hluti af öllu skólastarfi. Háskólum verði leiðbeint inná sambærilega braut sem henti rekstri þeirra.

27. Námsframboð í kennaranámi verði endurskoðað með áherslu á að flétta inní það menntun til sjálfbærrar þróunar, jafnt í hefðbundið kennaranám sem endurmenntun.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Tímasetning: 2013.

Viðbótartillaga:

27a.

Námsefni í stjórnenda- og leiðtogamenntunar á háskólastigi verði endurskoðað með tilliti til að flétta inní það menntun til sjálfbærrar þróunar og samfélagsábyrgð.

Við hér á Bifröst hlökkum til að fylgjast með áframhaldi þessarar vinnu og erum fús til frekari umsagnar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Bryndís Hlökkversdóttir
Rektor